



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Rakhmanínov og Beethoven

10. mars 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

Áætluð tímalengd verka:

Ofviðrið: 18'00"

Píanókoncert: 27'00"

Sinfónía: 26'00"

Mynd á kápu: Dean Ferrell og Páll Hannesson, bassaleikarar.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Rakhmanínov og Beethoven

Tónleikar í Eldborg 10. mars 2016 » 19:30

Dima Slobodeniouk hljómsveitarstjóri

Alexander Romanovsky einleikari

Jean Sibelius

Ofviðrið, svíta nr. 2, op. 109 nr. 3 (1925–26)

1. Kór vindanna

2. Milliþáttur

3. Gyðjudansinn

4. Prosperó

5. Söngur I

6. Söngur II

7. Míranda

8. Vatnadísirnar

9. Dansþáttur

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 1 í fíis-moll, op. 1 (1891/1917)

Vivace

Andante cantabile

Allegro scherzando

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 1 í D-dúr, op. 21 (1800)

Adagio molto - Allegro con brio

Andante cantabile con moto

Menuetto: Allegro molto e vivace

Finale: Adagio - Allegro molto e vivace

Dima Slobodeniouk

hljómsveitarstjóri



 @DeltaSierra_1

Dima Slobodeniouk var nýlega ráðinn aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti og listrænn stjórnandi Sibeliusarhátíðar borgarinnar frá og með starfsárinu 2016/17. Forverar hans í brú hljómsveitarinnar eru þeir Osmo Vänskä, Jukka-Pekka Saraste og Okku Kamu. Slobodeniouk er einnig tónlistarstjóri spænsku hljómsveitarinnar Orquesta Sinfónica de Galicia en áður var hann aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu í Finnlandi.

Dima Slobodeniouk hóf ungur nám í fiðluleik í fæðingurborg sinni Moskvu og stundaði síðan framhaldsnám við tónlistarháskóla borgarinnar. Frekara nám stundaði hann við Tónlistarháskólann í Jyväskylä í Mið-Finnlandi og síðar við Síbelíusarakademiuna í Helsinki þar sem hann sneri sér að námi í hljómsveitarstjórn árið 1994. Meðal kennara hans þar voru Atso Almila, Jorma Panula og Leif Segerstam.

Á yfirstandandi starfsári stjórnar Slobodeniouk Fílharmoníuhljómsveitinni í Helsinki og Finnsku útvarpshljómsveitinni sem reglulegur gestur en auk þess stjórnar hann Þjóðarhljómsveitinni í Lyon, Gautaborgarhljómsveitinni, Útvarpshljómsveitinni í Stuttgart, Útvarps-fílharmoníuhljómsveitinni í Hollandi og Sinfóníuhljómsveitinni í Luzern í Sviss auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Meðal einleikara á þessum tónleikum eru Jean-Yves Thibaudet, Patricia Kopatchinskaja, Dmitri Sitkovetsky, Baiba Skride, Viktoria Mullova og Tine Thing Helseth.

Nýlega kom út geisladiskur á vegum Ondine-útgáfunnar með verkum finnska tónskáldsins Lottu Vennäkoski í flutningi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar undir stjórn Dima Slobodeniouk. Samvinna hans og BIS-hljómplötufrirtækisins hefur varað um nokkurt skeið og í janúar síðastliðnum stjórnaði hann Lahti-hljómsveitinni í hljóðritunum fyrir útgáfuna.

Alexander Romanovsky

einleikari



 @romanovskypiano

Alexander Romanovsky fæddist í Úkraínu árið 1984. Hann stundaði píanónám í fimmtán ár hjá læriföður sínum Leonid Magarius við Píanóakademíuna í Imola á Ítalíu og síðan frekara nám hjá Dmitri Alexeev við Royal College of Music í London. Átján ára gamall vann hann fyrstu verðlaun í hinni víðkunnu Busoni-píanókeppni á Ítalíu.

Romanovsky leikur nú í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands en aðrir nýir gestgjafar hans á starfsárinu eru m.a. Sinfóníuhljómsveitirnar í Birmingham og Stavanger auk hljómsveita á Spáni, Portúgal, Rússlandi og Armeníu. Þá fer hann í stór tónleikaferðalög um Ítalíu og Japan.

Romanovsky hefur á ferli sínum leikið með mörgum af fremstu sinfóníuhljómsveitum bæði austan hafs og vestan og nægir að nefna Royal Philharmonic Orchestra í London, English Chamber Orchestra, sinfóníuhljómsveitirnar í Hallé og Bournemouth, Orchestra dell'Accademia di Santa Cecilia í Róm, Filarmonica della Scala í Mílanó, helstu hljómsveitir St. Pétursborgar, Moskvu og Tókýóborgar sem og Chicago Symphony og New York Philharmonic. Meðal hljómsveitarstjóra sem hann hefur unnið með eru Alan Gilbert, Vladimir Spivakov, Valery Gergiev, Michael Pletnev, Vladimir Fedoseyev, Sir Antonio Pappano, Gianandrea Noseda and James Conlon.

Romanovsky hefur leikið inn á fjóra geisladiska fyrir Decca-hljómplötufyrirtækið sem allir hafa hlotið frábæra dóma. Á diskunum gefur að heyra píanóverk eftir Beethoven, Brahms, Schumann og Rakhmanínov.

Árið 2014 tók Alexander Romanovsky við stöðu listræns stjórnanda alþjóðlegu píanókeppninnar í Moskvu sem kennd er við Vladimir Krainev.

Jean Sibelius

Ofviðrið, svíta nr. 2



Leikhústónlist Sibeliusar (1865–1957) við *Ofviðri* Shakespeares var frumflutt í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn 16. mars árið 1926 eða fyrir næstum 90 árum. Sibelius hafði lokið við sjöundu og síðustu símfóníu sína árið 1924 og á næstu tveimur árum skrifaði hann *Ofviðrið* og tónaljóðið *Tapiola* sem urðu síðustu stóru hljómsveitarverk hans. Til dauðadags, 32 árum síðar, samdi Sibelius næsta lítið og er þetta tímabil oft kallað „þögnin í Järvenpää“.

Leikrit Shakespeares fjallar um Prosperó, hertoga af Mílanó, sem bróðir hans Antóníó rænir völdum og sendir á haf út í fleytu ásamt dótturinni Míröndu. Þau taka land á eyju nokkurri þar sem Prosperó í krafti töframáttar síns tekur öll völd og neyðir tvær verur til þjónustu við sig; andann Ariel og Kalíban, son nornarinnar Sycorax. Prosperó töfrar fram storm sem skolar fjendum hans upp á strönd eyjarinnar, þeirra á meðal bróður hans Antóníó, Alonsó konung í Napólí og son hans Ferdínand. Með hjálp Ariels refsar Prosperó hinum seku og kemur í veg fyrir frekari ódæði. Sögunni lýkur með því að Míranda og Ferdínand heitbindast og Prosperó endurheimtir hertogadæmi sitt í Mílanó.

Tónlistin á Íslandi

Önnur svíta Sibeliusar úr leikhústónlistinni við *Ofviðri* Williams Shakespeare heyrir nú í fyrsta sinn á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands. Petri Sakari flutti fyrri svítuna með hljómsveitinni á tónleikum í Háskólabíói í lok janúar 1997 og stjórnaði síðan báðum svítunum í hljóðritun fyrir Naxos-útgáfuna aldamótaárið 2000.

Fyrsti þátturinn, kór vindanna, er í tveimur hlutum þar sem harpan og strengirnir leiða lagferlið. Kjarni millipáttarins er þjóðlegt stef sem fiðlurnar spila með hjálp hörpunnar. Dans gyðjanna er sömuleiðis á þjóðlegu nótunum, eins konar sveitadans. Kafli Prosperós er í barokkstíl og lýsir tignarlegu yfirbragði hertogans. Söngvarnir tveir byggja hvor um sig á fjögurra takta ólíkum stefjum. Í þokkafullum kafla hinnar ungu og fögru Míröndu leika víólurnar synkópur undir átta takta stafi sem er endurtekið fjórum sinnum og tengt með fingerðri brú. Í fjörugum áttunda þættinum ærslast vatnadísir og stíga síðan í þeim síðasta æ villtari dans. Lokataktarnir fimmtán endurspeglar örmögnun dísanna að loknum dansinum.



Sergej Rakhmanínov

píanókonsert nr. 1

Sergej Vasiljevitsj Rakhmanínov (1873–1943) fæddist í Starorusskíj-héraðinu nálægt Novgorod í Norður-Rússlandi. Tónlistarhæfileikar hans komu fljótt í ljós og réði móðir hans einkakennara til að leiðbeina honum í píanóleik. Árið 1882 flutti fjölskyldan til St. Pétursborgar þar sem drengurinn fékk styrk til náms við tónlistarháskóla borgarinnar og nú bættist hljómfræði en einnig tungumál, stærðfræði og fleiri almennar námsgreinar við píanónámið. Tólf ára gamall var Rakhmanínov sendur til Moskvu þar sem hann gekkst undir strangt tónlistarnám undir handleiðslu Nikolajs Zverev. Í stórborginni sótti Rakhmanínov tónlistarviðburði og kynntist mörgum af helstu tónlistarmönnum landsins, þar á meðal Anton Rubinstein og Þjotr Tsjajkovskíj. Vorið 1892 lauk hann prófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Moskvu og hlaut hæstu einkunn og æðstu viðurkenningu skólans sem aðeins tveimur öðrum nemendum hafði áður fallið í skaut.

Tónlistin á Íslandi

Fyrsti píanókonsert Rakhmanínovs hefur ekki áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Aftur á móti hefur annar píanókonsertinn alls 29 sinnum prýtt efnisskrá hljómsveitarinnar, þar af 5 sinnum á tónleikaferðinni um Þýskaland árið 2003. Þá hefur hljómsveitin flutt Rapsódíuna um stef eftir Paganini 12 sinnum, þriðja píanókonsertinn 10 sinnum og þann fjórða í tvö skipti. Af sinfóníunum hefur sú önnur í röðinni oftast heyrst á tónleikum Sinfóníunnar eða 11 sinnum, þar af 5 sinnum á tónleikaferðum erlendis. Þá flutti hljómsveitin óperu Rakhmanínovs, Monna Vanna, á tónleikum og hljóðritaði fyrir Chandos-útgáfuna árið 1991 ásamt 4. píanókonsertinum.

Rakhmanínov skrifaði um ævina ógrynni bréfa og í einu þeirra til Nathalíu Skalon, vinkonu og pennavinar til margra ára, sem dagsett er 26. mars 1891, gefur að líta eftirfarandi: „Er að semja nýjan píanókonsert, búinn að skrifa fyrstu tvo kaflana og sá þriðji tilbúinn en ekki kominn á blað. Klára konsertinn og lýk við hljómsveitarútfærsluna sennilega í sumar.“ Verkinu lauk hann 6. júlí sama ár og frumflutti fyrsta þáttinn 17. mars 1892 í Tónlistarháskólanum í Moskvu. Mun þetta vera eina skiptið sem tónskáldið lék konsertinn, eða öllu heldur þennan hluta hans, í sinni upphaflegu gerð. Tuttugu og fimm árum síðar umskrifaði hann verkið og afhenti útgefanda rétt áður en hann yfirgaf ættjörð sína ásamt konu sinni og tveimur dætrum hinsta sinn.

Rakhmanínov-fjölskyldan settist að í Bandaríkjunum og þar beið Sergejs annasamur einleikara- og hljómsveitarstjóraferill. Af þeim 45 verkum sem hann samdi um ævina urðu aðeins þau 6 síðustu til í nýja heimalandinu.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 1



Tónlistin á Íslandi

Starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands hófst eins og kunnugt er með tónleikum í Austurbæjarbíói 9. mars árið 1950. Strax á næstu tónleikum hinnar ungu hljómsveitar tveimur vikum síðar hljómaði 1. sinfónía Ludwigs van Beethoven undir stjórn Victors Urbancic á sama stað. Síðan þá hefur Sinfóníuhljómsveit allra landsmanna flutt verkið ríflega 20 sinnum. Meðal hljómsveitarstjóra sem túlkað hafa sinfóníuna eru Páll Ísólfsson, Olav Kjelland, Marteinn Hunger Friðriksson, Ragnar Björnsson og Páll Pampichler Pálsson. Síðast hljómaði 1. sinfónían í Eldborgarsal Hörpu 7. desember árið 2011 undir stjórn Hannu Lintu.

Fyrsta sinfónía Beethovens (1771–1827) op. 21 var frumflutt í Burgtheater í Vínarborg 2. apríl árið 1800. Önnur verk hans á efnisskránni voru septettinn op. 20 fyrir klarínettu, horn, fagott, fiðlu, víólu, selló og kontrabassa og 2. píanókonsertinn op. 19. Þá var einnig flutt sinfónía eftir Mozart sem og aría og dúett úr *Sköpuninni* eftir læriföður Beethovens, Joseph Haydn. Gagnrýnandi *Allgemeine Musikalische Zeitung* sagði að verkið bæri vott um talsverða hæfileika, frumleika og hugmyndaauðgi en helsti gallinn væri ofnotkun á blásturshljóðfærum þannig að útkoman minnti helst á „Harmonie“, þ.e. blásaratónlist. Vissulega fá bæði tréblásararnir (2 flautur, 2 óbó, 2 klarínettur og 2 fagott) og málmblásararnir (2 horn og 2 trompetar) að láta ljós sitt skína í 1. sinfóníu Beethovens líkt og í síðari sinfóníum hans.

1. sinfónían er glaðvært og ungæðislegt verk, fullt af óvæntum uppákomum og hnyttni. Kemur tónskáldið áheyrendum strax í opna skjöldu með fyrstu hljómunum í hægum innganginum. Hraði kaflinn er fjörlegur eins og yfirskrift hans gefur til kynna og sá næsti dansandi og gáskafullur. Þessi kaflar var lengi leikinn sem hægur kaflar en í dag heyrir hann æ oftar í þeim hraða sem Beethoven fyrirskipaði og er í samræmi við yfirskriftina. Þriðja kaflann nefnir Beethoven menúett en hraðaskipunin, mjög hratt og fjörlega, gerir kaflann að dæmigerðri glettu í anda Beethovens. Heiðríkur blásarakór tríósins róar stemninguna um hríð og lætur ekki truflast af hröðum hlaupum fiðlusveitarinnar. Síðasti kaflinn hefst á fimm takta kumpánlegum inngangi að leiftrandi fjörugum kafla þar sem tónskáldið gefur andríki sínu takmarkalaust lausan tauminn.

Þjart yfirbragð sinfóníunnar kemur reyndar á óvart þegar bréf Beethovens til trúnaðarvina sinna sumarið eftir frumflutninginn eru lesin. Þar lýsir hann þverrandi heyrn, stöðugu suði í eyrum og mikilli sálarangist.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á döfinni

Föstudagsröðin – Hafið, hafið...

Fös. 1. apríl » 18:00



Það var sérstakt áhugamál impressjónista meðal tónskálda að lýsa vatni í tónum eins og sést vel á þessari efnisskrá þar sem vatnið flæðir í ólíkum myndum. Píanóverk Ravels, *Jeux d'eau*, var fyrsta tónsmíð hans til að vekja verulega athygli. Verkið lýsir gosbrunni og er undir sterkum áhrifum frá tónsmíð eftir Franz Liszt af svipuðum toga þótt litbrigði hljóðmanna séu í anda impressjónismans. Í öndvegisverkinu *La mer* staðsetur Debussy sig á hafi úti, skoðar ölduganginn og samtali vinds og vatns. Töru Takemitsu var eitt mesta tónskáld Japana á 20. öld og var undir sterkum áhrifum frá Debussy. *Beyond the Sea* er hrífandi verk frá árinu 1981, samið undir áhrifum frá skáldsögu Hermans Melville um hvalinn *Moby Dick*.

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Birna Hallgrímsdóttir píanó

Melkorka Ólafsdóttir altflauta

Katie Buckley harpa

Ravel og Dvořák

Fim. 7. apr. » 19:30



Emilía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari leikur glaðværan og glæsilegan konsert franska tónskáldsins Jacques Ibert, en Emilía hlaut frábæra dóma í hinu virta tónlistartímariti Gramophone fyrir geisladisk sinn *Portrait* sem kom út á liðnu ári. Annað franskt verk með spænsku ívafi er *Rhapsodie espagnole*, eitt af fyrstu glæsiverkum Ravels fyrir stóra hljómsveit. Á efnisskránni er einnig hin ljóðræna 8. sínfónía Dvořáks, en tónskáldið sækir drjúgan hluta efniviðarins í þjóðlagaarf Bæheims. Hljómsveitarstjórinn Antonio Méndez vakti nýlega alþjóðaathygli þegar hann vann 2. verðlaun í hinni virtu Nikolai Malko-keppni ungra stjórnenda í Kaupmannahöfn þar sem Lorin Maazel var formaður dómnefndar.

Tónleikakynning » 18:00

Hljómsveit á tónleikum

10. mars 2016

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Jensdóttir
Pálína Árnadóttir
Mark Reedman
Ágústa María Jónsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Greta Guðnadóttir
Pascal La Rosa
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlia Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Matthias Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier aðalhljómstjórnari frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgeststjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eypórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna

Föstudagsröðin



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Í Norðurljósum í Hörpu

Fös **4. mars** » 18:00

Fös **1. apríl** » 18:00

Fös **6. maí** » 18:00

Föstudagsröðin er ný tónleikaröð þar sem hljómsveitarstjórinn Daníel Bjarnason teflir saman hljómsveitarverki og einleiksverki á klukkustundarlöngum tónleikum.

Miði á staka tónleika er á 2.700 kr.

Áskriftarkort á brenna tónleika kostar aðeins 6.480 kr.



@icelandsymphony #sinfó



Aðalskýrtaraðili:

GAMMA



Kvikmyndatónleikar

Jóhann Jóhannsson

Fim. 17. mars » 20:00

Jóhann Jóhannsson telst nú til helstu kvikmynda tónskálda samtímans. Hann er tilnefndur til Óskarsverðlauna annað árið í röð, í þetta sinn fyrir tónlist við myndina Sicario, og hlaut í fyrra Golden Globe-verðlaunin fyrir The Theory of Everything, sem fjallar um líf Stephens Hawking. Á þessum tónleikum verða frumfluttar þrjár nýjar hljómsveitarsvítur með

Tryggið ykkur miða

tónlist Jóhanns, úr Sicario, The Theory of Everything og Prisoners. Auk þess hefur Jóhann sjálfur valið á efmisskrána nýlega kvikmyndatónlist eftir þau Jonny Greenwood og Mica Levi. Einnig hljómar sívinsæl tónlist eftir John Williams, m.a. úr Jurassic Park, Superman, ET og Indiana Jones. Stjórnandi er Adrian Prabava.